

Reykjavík, 12. mars 2018

Tillaga:

Lagt er til að Reykjavíkurborg kaupi brons skúlptúrin *Íslandsvarða* eftir Jóhann Eyfells sem stendur við Sæbraut. Kaupverð verksins er 27,5 milljónir króna.

Greinargerð:

Listaverkinu var komið fyrir við Sæbrautina í kjölfar lánssamnings sem gerður var við listamanninn 8. september 2010. Borgarráð samþykkti tillögu Listasafns Reykjavíkur þess efnis í nóvember 2009 og rann samningurinn út í september á síðasta ári.

*Íslandsvarða* (2006) eftir Jóhann Eyfells er eitt af kennileitum borgarinnar en verkinu var komið fyrir við Sæbraut í kjölfar þess að Ingólfur Eyfells bauð borginni að sýna brons skúlptúr efir föður síns Jóhanns Eyfells í opinberu rými í Reykjavík án endurgjalds. Verkið er metnaðarfullt verk og mikilvægt í ferli Jóhanns.

Samið var um lán á verkinu til sjö ára og nú að þeim tíma liðnum er það mat safnstjóra Listasafns Reykjavíkur að verkið hafi tvímælaust gildi sem vandað og gott listaverk í opinberu rými borgarinnar og að það hafi unnið sér sess á meðal borgarbúa. Því er mælt með að verkið verði keypt af listamanninum. Þannig megi tryggja sess þess til framtíðar í borgarlandinu.

Um listamanninn: Jóhann Eyfells (f. 1923) stundaði nám í Bandaríkjunum í byggingarlist, skúlptúr, málalag og keramik á árunum 1945-53. Fram til ársins 1969 starfaði hann sem teiknari, hönnuður, arkitekt, listamaður og kennari ýmist í Bandaríkjunum eða á Íslandi. Frá 1969 til 1999 var hann prófessor í höggmyndalist við University of Central Florida. Jóhann var fulltrúi Íslands á Fenejvatvíæringnum árið 1993 ásamt Hrein Friðfinnssyni. Verk hans hafa verið sýnd á fjölda sýninga í Bandaríkjunum og á Íslandi.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur